

Sp.

826. Þingsályktun

[92. mál]

um afnám skömmunar á byggingarvörum o. fl.

(Afgreidd frá Sp. 6. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afnema nú þegar skömmun á byggingarvörum og gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa, er menn byggja til eigin afnota, enn fremur byggingu útihúsa í sveitum og verbúða. Leyfi til þess að byggja stærri íbúðir, svo og stærri byggingar, sem eigi er beinlínis þörf vegna framleiðslunnar, verði því aðeins veitt, að innflutt byggingarefni sé afgangur frá þeim byggingum, sem undanþegnar eru fjárfestingarleyfi.